

Miðvikudaginn 8. mars 1989.

Nr. 227/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

K

(Örn Clausen hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1988 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

Fyrir Hæstarétti var málið samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála reifað með hliðsjón af því, hvort verknaður ákærða varðaði við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í heild, sbr. 204. gr. sömu laga.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hinn 6. febrúar 1986 haft samræði við X. Niðurstöður þeirra sérfræðinga sem gefið hafa álit um þroska hennar eru raktar í héraðsdómi. Af gögnum málsins verður ráðið að hún hafi ekki haft andlegan þroska til að sporna við samræðinu.

Ákærði er 27 árum eldri en X. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er greint frá kynnum þeirra tveimur árum áður en atvik máls þessa gerðust. Fyrir rannsóknarlögreglu lýsti hann þessu svo: „X var þá oft í H... og átti í útistöðum og var útundan. Hlustaði ég á hana og e.t.v. hallaði hún sér að mér þess vegna. Ég hef alls ekki getað litið á hana sem þroskahefta en öra í skapi greinilega.“ Í síðari skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu ítrekaði ákærði, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir að X væri þroskaheft og sagði, að hún hefði „oft verið æst og ör og greinilega ekki eðlileg í framkomu“. Taldi hann þetta hafa „mikið til verið vegna þess að henni var strítt mikið“. Þessar skýrslur staðfesti ákærði fyrir dómi.

Þegar litið er til álits sérfræðinga og frásagnar ákærða af fyrri

kynnum sínum og X verður ekki fallist á niðurstöðu héraðsdómara um gáleysi ákærða. Ber því að gera ákærða refsingu samkvæmt 195. gr. almennra hegningarlaga, sem ákveðst fangelsi 2 mánuði. Ákærði skýrði greiðlega frá málsatvikum og hefur eigi áður gerst sekur um hegningarlagabrot, er hér skiptir máli. Þykir því mega skilorðsbinda refsinguna þannig, að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, K, sæti fangelsi tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 182/1988: Ákærvaldið gegn K, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 7. þ.m. á hendur ákærða, K, Reykjavík, f. ... 1939 þar í borg.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa að kvöldi 6. febrúar 1986 haft samræði við þroskahefta stúlku, X, fædda ... 1966, í bifreiðinni Y ... skammt frá Rauðhólum í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. febrúar 1986 barst Rannsóknarlögreglu ríkisins krafa A, þá að ... í Reykjavík, þess efnis að hún rannsakaði hvort ákærði K hefði haft kynmök við þroskahefta dóttur hennar, X, sem hefði verið að viðurkenna að svo hefði verið. Er X fædd ... 1966.

Ákærði skýrir svo frá að hann sé X kunnugur, en sambýliskona hans hafi unnið með móður hennar. Þegar ákærði gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 25. febrúar 1986 skýrði hann svo frá að hann hefði áður búið í Kópavogi en flutt þaðan fyrir um tveim árum. Þegar ákærði var í Kópavogi kveðst hann hafa hitt X nokkuð oft.

Ákærði kveðst hafa hitt X fyrir tilviljun fimmtudaginn 6. febrúar 1986 þegar hann var að taka bensín á bifreið á bensinstöð við ..., en þar vann X þá. Segir ákærði að hún hafi verið skrafhreyfin og beðið sig að hitta sig á bensinstöðinni klukkan 21 um kvöldið. Ákærði kveðst hafa glapist til að gera það, og ók hann X síðan í nánd við Rauðhóla í bifreiðinni Y ... og hafði þar samfarir við hana í aftursæti bifreiðarinnar. Ekki notaði ákærði verjur og fékk fullnægingu.

Ákærði segir að það hafi verið X, sem stakk upp á því hvert fara skyldi, en hún hafi verið áköf í að hafa samfarir við ákærða. Það var þó ekki ákveðið fyrir fram, þegar þau lögðu upp í ökuferðina umrætt kvöld, að þau myndu hafa samfarir í ferðinni. Það hafi komið af sjálfu sér þegar þau komu í nánd við Rauðhóla. Eftir samfarirnar ók ákærði X í Á... þar sem hún fór úr bifreiðinni.

Ákærði kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að stúlkan væri þroskaheft og hafi hann ekki séð neitt athugavert við andlegt ástand stúlkunnar, sem hafi verið dálítið ör. Fannst ákærða hún ekkert öðruvísi en margt annað ungt fólk.

Vitnið X, nú að ... í Reykjavík, hefur staðfest að ákærði hafi haft við það samfarir umrætt sinn í aftursæti bifreiðar skammt frá Rauðhólum í Reykjavík. Í fyrstu skýrir vitnið svo frá að það hafi verið frekar mótfallið því að hafa samfarir við ákærða, en samt hafi það gengið mótþróaust. Þó hafi það séð eftir þessu á eftir. Síðar í sömu yfirheyrslu segir vitnið að það hafi alveg verið til í að hafa samfarir við ákærða.

Vitnið segir að það sé rétt að það hafi stungið upp á umræddri ökuferð, en ekki hafi verið ákveðið fyrir fram, þegar þau lögðu af stað í ökuferðina, að þau skyldu hafa samfarir. Það hafi komið af sjálfu sér á meðan þau voru í ökuferðinni. Vitnið hefur staðfest að það hafi kynnst ákærða 2-3 árum áður en umræddur atburður gerðist.

Í málinu liggur frammi skýrsla Gísla Á. Þorsteinssonar, yfirlæknis á Geðdeild Landspítalans, dags. 14. mars 1986. Í þessari skýrslu kemur fram að X hafi legið á deildinni 19. maí til 30. ágúst 1983 og þá hafi verið gerð

ítarleg sálfræðirannsókn á X og að í niðurstöðu hennar segi, að starfhæf greind hennar sé á mörkum vangefni (greindarvísitala 68).

Í þágu rannsóknar málsins var Högna Óskarssyni geðlækni falið að athuga andlegt ástand X. Þá var geðlæknirinn beðinn að reyna að svara þeirri spurningu hvort andlegur vanþroski X ætti að geta dulist þeim sem lítt þekktu til hennar. Lokakafli í skýrslu geðlæknisins, sem er dagsett 4. maí sl., nefnist Niðurstaða. Í þessum kafla segir svo:

„X er 21 árs gömul stúlka ...

[Sbr. samhljóða kafla í dómi í málinu: Ákærvaldið gegn M, bls. 348-349 að framan.]

... einhverjum tíma með henni.“

Vitnið Högni gerði viðbótarskýrslu dagsetta 2. nóvember 1987 við fyrri skýrslu sína, en þá hafði ríkissaksóknari með bréfi dagsettu 27. ágúst 1987 lýst því yfir, að hann teldi fyrri skýrslu ekki nægjanlega glögga með hliðsjón af ákvæðum 195. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.

Í síðari skýrslu vitnisins kemur fram að X væri verulega andlega skert, eins og fram kæmi í lélegri dómgreind, skertum hæfileika til óhlutbundinnar hugsunar, minnstruflunum og ankannalegum tilfinningaviðbrögðum gagnvart okunnugum. Þá var í skýrslunni vísað til þess að greindarvísitala X hefði mælst 68 á árinu 1983. Samkvæmt þessu teldist X vangefin samkvæmt sjúkdómaskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Var ítrekað í þessari skýrslu að hverjum þeim, sem eyddi einhverjum tíma með X, ætti að vera ljóst hve andleg geta hennar væri skert.

Vitnið Baldvin Hreinn Steindórsson sálfræðingur rannsakaði X og gerði sálfræðiskýrslu um hana. Vitnið segir í skýrslu sinni dagsettri 22. október sl. að í samræmi við 195. gr. hegningarlaga sé það markmið rannsóknarinnar að meta hvort X geti talist geðveik, fáviti eða þannig sé ástatt fyrir henni að hún geti ekki spornað við samræði eða skilið þýðingu þess. Síðan segir í skýrslunni:

„Þar sem ekki er lengur talið við hæfi að nota fávita-hugtakið, heldur talað um þroskahefta (grv. 55-70) sem samsvarandi fyrri notkun á fávita-hugtakinu, er tekið mið af því hvort greindarfarslegur þroski X samsvari greind þroskahefta (grv. 55-70).“

Að lokum segir í niðurlagi skýrslu vitnisins:

„Niðurstaða: X er 21 árs gömul kona. Í útliti virðist hún mun yngri. Strax við fyrstu kynni virðist mér að sérhverjum með fullan þroska ætti að vera ljóst að andlega og greindarfarslega gengur hún ekki heil til skógar. Greind hennar samsvarar greind þroskahefta (grv. 55-70). Slík greind veitir takmarkaða möguleika til að meta og bregðast við aðstæðum.“

Bæði geðlæknirinn og sálfræðingurinn hafa staðfest skýrslur sínar við meðferð málsins.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitnisins X og annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði hafi haft samfarir við X á þeim stað og á þeim tíma sem í ákæru greinir.

X hefur, eins og fram er komið, komið fyrir dóminn og dómariinn rætt við hana. Að hans mati er alls ekki einsýnt af stuttu viðtali að X sé þroskaheft, enda þótt ljóst sé að hún hafi ekki venjulegan þroska.

Greindarvísitala X er talin 68, en greindarvísitala þroskaheftra, sem áður voru kallaðir fávitar, er 55-70. Hér munar því mjög litlu, svo að X verði ekki talin þroskaheft samkvæmt greindarmælingu, sem telja verður að hljóti að hafa mjög mikið að segja þegar andlegur þroski stúlkunnar er metinn og vega þyngra en álit fólks.

Þrátt fyrir skoðanir geðlæknisins og sálfræðingsins, sem áður var gerð grein fyrir, og með hliðsjón af greindarvísitölu X, sem liggur efst í mörkum þess að hún sé ekki þroskaheft, og loks þess að dómaranum þykir ekki einsýnt að allir hljóti að sjá að X sé þroskaheft, þykir varhugavert að hafna þeim framburði ákærða að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að stúlkan væri þessum annmarka háð, þótt fyrri kynni ákærða af X hefðu átt að benda til þess, en á hitt er einnig að líta að X vann við störf, þegar umræddur atburður gerðist, sem ekki er vani að fela þroskaheftu fólki.

Þegar andlegur þroski X er metinn þykir samt verða að taka mið af greindarmælingu X, sem studd er skoðunum geðlæknisins og sálfræðingsins. Telst ákærði því hafa haft samfarir við þroskahefta stúlku, sem í skilningi hegningarlaga er fáviti. Samt þykir varlegra vegna framburðar ákærða og þess sem rakið var að telja að ákærði hafi gert þetta án þess að vita að stúlkan væri á jafnlágu andlegu stigi og rakið var, en hins vegar gat honum ekki dulist að hún hefði ekki venjulegan þroska. Vegna þessa gáleysis ákærða telst brot hans varða við 195. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —

Refsing.

Þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið dóm fyrir brot gegn hegningarlögum, telst hafa framið brot sitt í gáleysi og ætla má að stúlkan hafi með einhverjum hætti haft áhrif á framgang málsins, þykir eftir atvikum mega ákveða að fresta skuli ákvörðun refsingar ákærða og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði

almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skababætur.

Móðir X hefur gert kröfu til þess að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 30.000,00 krónur í miskabætur, en X hafi þurft að gangast undir sársaukafulla fóstureyðingu á Landspítalanum í mars 1986.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um það að X hafi þurft að gangast undir fóstureyðingu og eða að ákærði eigi sök á því, en fram er komið að X muni hafa haft samfarir við fleiri karlmenn. Þar sem krafan er órökstudd og henni mótmælt verður henni þegar af þeirri ástæðu vísað frá dómnum.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Fresta skal ákvörðun refsingar ákærða, K, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.
